

Aðalfundur Foreldrafélags Álfhólsskóla, þann 17. maí 2011.

Alls mættu 23 á fundinn að meðtöldum fundarstjóra og skólastjórnendum.

Formaður leggur til að Rúnar Ívarsson verði fundarstjóri og Hildur Kristín fundarritari. Það er samþykkt

Skýrsla formanns:

- Farið yfir meðlimi stjórnar.
- Farið yfir störf stjórnar í vetur (sjá skýrslu á heimasíðunni).

Skýrsla nefnda:

- Foreldraröltið:
 - Sólveig Hlökkversdóttir kynnir störf nefndar og skipulagsbreytingu á röltinu.
 - Farið yfir hvernig röltið hefur gengið í vetur.
 - Spurt var um hver sendir boð í rölt.
 - Sólveig sendir boð á bekkjarfulltrúa og þeir ákveða hvernig þeir manna það; hvort þeir fara sjálfir eða senda á aðra foreldra.
- Vorhátíðarnefnd:
 - Særún Sigurjónsdóttir kynnti störf nefndarinnar
 - Sagt frá undirbúningi sem hefur gengið vel. Vantar foreldra til að hjálpa til við tækin og að selja pylsur.
 - Spurt um beiðnina frá nefnd um hjálp frá foreldrum. Talað um að pósturinn hefði þurft að vera skýrari.
- Öryggisnefnd:
 - Sigurður Grétarsson sagði frá nefndinni
 - Nefndin hefur ekki verið virk.
 - Sagt frá fundi með lögregluembætti og samskiptum við bæjarráð.
 - Spurt að því hvort gögn um loforð um úrbætur yfir Álfaheiðina hafi komið í leitirnar. Því er svarað neitandi.

Lagabreytingar

- Sólveig Hlökkversdóttir kynnir tvær efnislegar breytingartillögur. Aðrar breytingar aðallega tengdar orðalagi.
- Fundarstjóri fer í hverja grein fyrir sig, þær lagðar fram til samþykktar.
 - 2. grein, samþykkt.
 - 3. grein, samþykkt.
 - 4. grein,
 - Kemur efnislega fram að kjósa formann á hverju ári í stað tveggja. Guðni útskýrir tillögu. Krefjandi starf að vera formaður. Líklega auðveldara að fá formann ef binding er styttri.
 - Efnisleg breyting samþykkt.
 - Breyting á einum lið samkvæmt ofangreindri breytingu, hún samþykkt.

- 5. grein
 - Samþykkt óbreytt.
- 6. grein
 - Samþykkt óbreytt.
- 9. grein
 - Samþykkt.
- 11. grein
 - Umræða um hvort breytingatillaga hljómi eins og skylda.
 - Talin þversögn í fyrra orðalagi að árgjald sé innheimt árlega en stjórnar að ákveða hvort það sé gert eður ei. Frekar að það sé aðalfundarins að ákveða hvort sé innheimt. Ef ekki er vilji til að rukka árgjald komi fram tillaga á aðalfundi um 0 kr næsta ár.
 - Breyting samþykkt og lagt til að frekari tillögur verði þá gerðar á næsta starfsári stjórnar.

Rekstrareikningur

- Axel Sigurjónsson fer yfir skýrslu (sjá skjal).
- Tekið fram að eftir er að borga vorhátíðina (300-400 þúsund).
- Spurning kom um laun leikfimikennara foreldraleikfiminna, hvernig þeim sé borgað. Þeir fá borgað þriðja hvers mánaðar.

Árgjald félagsins

- Tillaga um að árgjaldið verði óbreytt, samþykkt.

Kosning stjórnarmanna

- Kosning formanns; Karen Jenný Heiðarsdóttir býður sig fram og er hún kosin.
- Sólveig Hlöðversdóttir býður sig fram til eins árs.
- Sigurður Grétarsson býður sig fram til tveggja ára.
- Anna María Bjarnadóttir býður sig fram til tveggja ára.
- Brynhildur Grímsdóttir býður sig fram til tveggja ára.

Varamenn

- Kristín Andrea Einarsdóttir.
- Gunnar Þór Jóhannesson.
- Anna Þóra Bragadóttir.

Kosnir skoðunarmenn reikninga

- Sigrún Hallgrímsdóttir.
- Kristjana Kjartansdóttir

Starfsreglur um kosningu í skólaráð

- Axel Sigurjónsson kynnir starfsreglur.
- Þær bornar upp og samþykktar.

Skýrsla skólaráðsfulltrúa (skjal á heimasíðu)

- Særún Sigurjónsdóttir byrjar á að kynna störf skólaráðs.
- Þeir sem eru í skólaráði taldir upp (sjá heimasíðu skólans).
- Marínó Már Marínósson hættir í skólaráði svo kosið verður um einn fulltrúa og tvo varamenn.
- Farið yfir helstu verkefni vetrarins.
- Hægt er að nálgast fundargerðir skólaráðs á heimasíðu skólans.
- Rannveig Ásgeirsdóttir, formaður skólanefndar, mætti á einn skólaráðsfund hjá hverjum skóla í Kópavogi til að kynna sig og kynnst öðrum.
- Athugasemd kom frá foreldri um að fundargerðirnar hafi ekki komið inn á heimasíðu skólans. Þær fundargerðir sem eru komnar inn eru illa uppsettar og ekki upplýsandi fyrir foreldra út á bæ. Koma þessu á framfæri til skólaráðs. Má bæta ferlið í kringum þetta.

Kosning í skólaráð

- Ragnheiður Bóasdóttir býður sig fram og er hún samþykkt sem fulltrúi foreldra í skólaráð.
- Varamenn: Svanhildur Ástþórsdóttir og Selma Guðmundsdóttir.

Önnur mál:

- Rúnar Ívarsson nefnir að gott væri að senda fundargerð aðalfundarins á alla foreldra.
- Óskað eftir skýrslu stjórnar og dagskrá fundar. Talað um að setja það inn á heimasíðuna.

Erindi á aðalfundi:

Brynja Dís Björnsdóttir, verkefnastjóri í Álfhólsskóla, kynnti niðurstöður frá stefnumótunardegi foreldra 14. mars sl.

- kynnrir aðeins niðurstöður með flokkaðri upptalningu, súluriti og kökuriti.
 - Kynning á SVÓT (styrkleikar, veikleikar, tækifæri og ógnir).
 - Kynning á sameiningu; hvað fór vel og hvað má betur fara.
 - Hvernig sjáum við að foreldrar komi að starfi skólans?
 - Hvaða skilaboðum vilt þú koma til stjórnenda?
 - Aukaverkefni; dagblaðsfrétt um skólann sem gerir þig stolta/stoltan.
- Á stefnumótunardeginum, sem haldinn var 14. mars, var fjöldi foreldra/forráðamanna 46 talsins. Eru það 4% allra foreldra barna við Álfhólsskóla.
- Kynning fór fram fyrir bæjarráði og varð þar mikill misskilningur á túlkun niðurstaðna frá stefnumótunardegi kennara og annarra starfsmanna skólans. ? (nafn) telur þurfa að matreiða niðurstöður betur til foreldra.
- Skýrsla verður aðgengileg á heimasíðu skólans.

Viðhorfsskönnun: könnun um hvernig stefnumótunardagurinn fór fram meðal foreldra. Flestir voru ánægðir með þennan dag.

Fundi slitið klukkan 10:30